**77. fundur íþrótta- og tómstundanefndar, haldinn þann 2. júní 2021, kl. 17:00, á Kirkjubæjarstofu – þekkingarsetri, Klausturvegi 4.**

**Mættir eftirtaldir fundarmenn:** Þorsteinn M. Kristinsson, Fanndís Ósk Pálsdóttir, Erla Þórey Ólafsdóttir og Sigmar Helgason (forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar).

**Dagskrá:**

**1) 17. júní.**

Drög að viðburðum:

- Dagskrá 17. júní verður við félagsheimilið, til vara í Íþróttamiðstöð.
- Skrúðganga frá Skaftárskála.
- Froðurennibraut á Preststúni.
- Kvenfélagskaffi.
- Teymt undir börnum.
- Fjallkona.
- Ræða við menningarmálanefnd um viðburði.
- Ræða við björgunarsveitir um viðburði. (Kassaklifur og aparólu)
- Frítt í sund og sturtu.
- Ræða við Ungmennafélögin.
- Hoppukastalar hjá Unni Blandon.

Annar fundur haldinn um 17. júní með þeim sem skipuleggja og eru með viðburði.

**2) Íþróttamiðstöð.**

Sigmar kynnir fyrir nefndinni málefni Íþróttamiðstöðvar.

**a) Opnunartímar.**

Formaður greinir frá fundi sem haldin var um breytingu á opnunartíma Íþróttamiðstöðvar.

Íþrótta- og tómstundanefnd mun boða til fundar í byrjun ágúst með fastanotendum Íþróttamiðstöðvar og fulltrúum sveitastjórnar um opnunartíma fram að áramótum.

**b) Starfsmannamál.**

Stöðugildi eru 3,52 yfir vetrartíma en um 5+ afleysingar yfir sumartímann.



Fanndís Ósk Pálsdóttir
Erla Þ. Ólafsd.

**c) Aðsóknartölur.**

Sigmar kynnir fyrir nefndinni aðstóknartölur fyrir árin 2020-2021. Samanburður mjög erfiður vegna Covid-19. Rúmlega tíu þúsund manns komu í sundlaugina í júlí 2020 og er það met aðsókn.

Helstu vandmál þjónustu við gesti sundlaugar er hversu erfitt er að halda hita á henni. Íþrótta- og tómstundanefnd vill ítreka að hitakerfi sundlaugar komist í lag sem fyrst og óskar eftir aðgerðaráætlun um framtíðar orkugjafa fyrir Íþróttamiðstöð.

**d) Önnur mál.**
Engin önnur mál.

Sigmar Helgason

**3) Félagsmiðstöðin Klaustrið.**

**a) Almennt um starfsemina s.l. vetur og til framtíðar.**
Félagsmiðstöðin verður opinn einn dag í mánuði yfir sumartímann. Hefðbundin dagskrá byrjar þegar grunnskóli hefst.

**b) Önnur mál.**
Engin önnur mál.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:54.**

Þorsteinn M. Kristinsson

Fanndís Ósk Pálsdóttir

Erla Þórey Ólafsdóttir